

### 43. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 24. febrúar 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

**Mættir:** Jón Garðar Steingrímsson fulltrúi foreldra. Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri. Fyrir hönd nemenda mættu: Hilmar Þór Halldórsson og Jóachim Birgir Andersen. Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og leiðrétt.

#### 2. Drög að fræðslustefnu Fjallabyggðar. Óskað er eftir umsögn skólaráðs.

Skólaráðsmenn höfðu kynnt sér drög að fræðslustefnunni og voru þau rædd. Flestir höfðu skoðun sem þeir vildu deila með fundarmönnum. Fram komu eftirfarandi punktar frá fundarmönnum.

- Markmið ekki nægilega tengd leiðarljósi og gildum. Markmiðin eru ekki nægjanlega vel sett fram, þau eru ekki mælanleg nema 3. Stefnan illa fram sett. Leiðir að framkvæmd hafðar með stefnunni sem ætti ekki að gera.
- Hefði þurft að gera stefnu fyrst og ná sátt um hana, finna síðan leiðirnar. Nú snýst umræðan of mikið um leiðir en ekki um stefnuna og innihald hennar.
- Gildin góð, verið að vinna í þeim í raun alla daga í skólanum.
- Hvernig verða breytingar á skólastigum framkvæmdar?
- Spurt var hvort sú breyting að unglingastig verði staðsett í Ólafsfirði væri til komið vegna MTR. Skólastjóri fór yfir rök hópsins fyrir þessari breytingu og lagði áherslu á sýn til framtíðar.
- Fram kom að fólk í sveitarfélaginu skiptist í þrjár fylkingar, þeir sem vilja hafa fyrirkomulag kennslu á skólastigum óbreytt og svo hvoru megin Héðinsfjarðar yngri börn eigi að sækja skóla. Fram kom að skólahúsin séu sambærileg hvað varðar aðstöðu og búnað svo það skipti ekki máli í því sambandi.

Ákveðið var að Jón Garðar fulltrúi foreldra í skólaráði setti saman drög að gangrýni á drög fræðslustefnunnar sem tekin yrðu til umfjöllunar á næsta skólaráðsfundi 3.mars n.k. Þá yrði sú umfjöllun kláruð.

#### 3. Endurskoðun skólanámskrár.

Skólastjóri sagði frá að vinna við endurskoðun skólanámskrár hófst meðal kennara á síðasta kennarafundi. Þeir hafa hafið endurskoðun á afmörkuðum þáttum skólanámskrárinnar.

Fundi slitið kl. 9.10

Ríkey Sigurbjörnsdóttir